

## Skýrsla stjórnar GR fyrir starfsárið 1.11.2008 til 31.10.2009

Árið 2009 var 75. afmælisár klúbbsins

Á starfsárinu létust 6 félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur (GR):

Agnar Jörgensson

Hörður Barðdal

Markús Guðmundsson

Ólafur J Gunnarsson

Ólafur Magnússon

Ragnar R Kvaran

Theódóra Þórðadóttir

Vil ég biðja fundarmenn að minnast látinna féлага með því að rísa úr sætum.

Stjórn GR var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Jón Pétur Jónsson formaður

Björn Víglundsson varaformaður

Helga Harðardóttir gjaldkeri

Bernhard Bogason ritari

Meðstjórnendur:

Viggó Viggósson

Gunnar Már Sigurfinsson

Guðni Hafsteinsson

Varastjórn:

Magnús Oddsson

Anna Björk Birgisdóttir

Rakel Kristjánsdóttir

Haldnir voru 12 bókaðir stjórnarfundir og eins og undanfarin ár sat varastjórn alla fundi, ásamt framkvæmdarstjóra.

Í lok starfsárs voru félagar í GR 3.041, þar af voru heiðursfélagar, félagar með aukaaðild og félagarmeð fjaraðild 287. Fjöldi féлага sem greiðir fullt árgjald er því 2754 alls.

Skiptingin er eftirfarandi, karlar 2223, konur 818, piltar/stúlkur yngri en 20 ára

346. Aukaaðild, þeir sem leika eingöngu litla völinn og fjarðaðild ásamt ævifélögum og heiðursfélögum, 287 félagar.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar árið 2007 þá ber félagafjölda að vera sem næst 2750.

Fullgreiðandi félögum er því fjórum ofaukið að þessu sinni. Erfitt að vera með nákvæma félagatölu því félagar eru að koma og fara á mismunandi tímum, en tel ég þetta vera vel innan skekkjumarka.

Á biðlista eru um 230 manns. Stefnan er að halda sama félagafjölda á næsta ári ef hægt er vegna ástandsins í landinu. Gæti verið að skellur sem við áttum von á í ár komi næsta ár, það veit enginn og erfitt að spá fyrir um það.

Golfsumarið 2009 var með afbrigðum gott, sá varla ský á himni svo vikum skipti. Vellir komu vel undan vetri en opnun vallanna var aðeins á eftir áætlun. Korpan opnaði 1. maí, Garðavöllur 9. maí og Grafarholtið þann 16. maí.

### **Helstu framkvæmdir á árinu voru eftirfarandi:**

#### **Korpa:**

- Endanlegur frágangur á vökvunarkerfi og það tengt saman. Nú er fullkomið vökvunarkerfi á öllum flötum og jafnvel hægt að hita vatnið sem fer þar í gegn.
- Brúin á 5. braut löguð og steinhleðsla sett fyrir neðan brú, svæðið þar í kring lagað.
- Útbúnir nýir rauðir teigar á 15. og 18. braut, skipt um undirlag og þeir tyrfðir.
- Byggður nýr teigur á 3. braut.
- Byggður nýr teigur á 8. braut.
- Glompan á 5. braut lagfærð og hlaðin úr torfi sem skorið var úr gamla æfingarsvæðinu.
- Glompurnar á 3. braut lagfærðar og endurgerðar með torfhleðslu að skoskri fyrirmynd.
- Hellulagt undir bekki og ruslatunnur víðast hvar á vellinum.
- Göngustígar lagfærðir, borið í þá og þeir snyrtir.

#### **Korpa/hús:**

- Þar fór fram árlegt viðhald og veitingasalan var lagfærð, t.d. endurbætt loftræsting í eldhúsi.

#### **Korpa/ litli völlumurinn:**

- Byggðar nýjar flatir á 1. og 5. braut, flatirnar byggðar upp, svæðið drenað og sett gott rótarlag og þær tyrfðar.
- Svæði í kringum gervigrasteiga á vellinum lagfært og tyrft.

- Sett upp ný teigskilti.

#### **Grafarholt:**

- Malbikaðir stígar á 11., 12., 13., 14., 16., 17. og 18. braut.
- Ný teigskilti sett á allan völlinn ásamt ruslatunnum og bekkjum.
- Endurbyggðir hvítir teigar á 12., 14. og 16. braut. Einnig nýr rauður teigur á 11. braut.
- Stífla og brú á 17. braut endurbyggð og snyrt.
- Lokið við frágang á aðkomu og vipp svæði, þar klárað og sáð í svæðið.
- Aspir settar niður meðfram 15. braut.
- Frárennsli lagað frá geymslu yfir í skála.
- Dren lagað á 2., 10. og 15. flöt.
- Lokið við fundaraðstöðu í kjallara golfskálans.
- Innveggir, loft og gluggar í golfskála málaðir.
- Hinni endalausú grjóthreinsun var haldið áfram af miklum eldmóð og er meiningin að halda þeirri vinnu áfram fram eftir vetri á meðan veður leyfir.

#### **Garðavöllur:**

- Þar er um samið að GR skili umsömdu vinnuframlagi á móti spilrétti og eftirfarandi verkefni voru framkvæmd af okkar starfsmönnum.
- Endurbyggðir teigar á 3., 8., 12. og 13. braut.
- Endurbyggð glompa við 8. flöt.
- Komum að byggingu nýrrar flatar á 4. braut.
- Einnig voru stígar lagaðir og ýmiskonar snyrting á umhverfi vallarins framkvæmd.
- Vert er að geta þess að samvinna við þá Leynismenn er með afbrigðum góð og hnökralaus.

## **Starfsmannhald:**

Þegar kreppan skall á síðastliðið haust var ákveðið að fækka um 2 heilsársstarfsmenn. Fastir starfsmenn GR eru 3 í Grafarholti, 3 á Korpu, 4 á skrifstofu og 1 á Garðavelli. Samtals eru fastráðnir starfsmenn 11 og svo Íþróttastjóri GR, en við fáum styrk frá Reykjavíkurborg vegna launa hans, eins og önnur félög í Reykjavík.

Vallarstjóraskipti urðu núna á haustmánuðum í Grafarholti. Aðalsteinn Ingvarsson lét af störfum samkvæmt eigin ósk og við tók Birkir Már Birgisson

Vill ég við þetta tækifæri þakka Aðalsteini fyrir frábærlega vel unnin störf og óska honum alls hins besta í framtíðinni. Sömuleiðis bjóða ungan og harðduglegan vallarstjóra Birki Má velkomin til starfa, en eins og allir vita þá er Grafarholtið ekkert lamb að leika sér við.

Vallarstjóri á Korpu er Ágúst Jensson.

Vallarstjóri á Garðavelli er Róbert Halldórsson.

## **Básar:**

Þar var venjubundið viðhald framkvæmt. GR leigir Pro Golf alla aðstöðuna og eru þeir rekstraraðili Bása. Samstarfið hefur gengið mjög vel en þeir sjá einnig um sölu á flatargjöldum og sinna eftirliti á Grafarholtsvelli.

## **Trjárækt og gróðurfar í Grafarholti:**

Umhirðu trjáa hafa þeir Ríkarður Pálsson og Jón Halldórsson séð um að mestu en nú síðla sumars lauk Kristín Einarsdóttir, golfari og líffræðingur, mikilli og góðri skýrslu um gróðurfar í Grafarholti. Naut hún aðstoðar frá Kristbirni Egilssyni líffræðing og hefur stjórn GR fengið fyrrum formann félagsins Gest Jónsson til að leiða nefnd sem fær það verkefni að ráðast á lúpínuna og mynda þann gróðurramma sem Grafarholtið á að sýna á komandi árum.

## **Vélakaup:**

Engin vélakaup voru á nýjum vélum á árinu. Skipt var út annarri litlu gröfunni upp í stærri og greiddum 2,7 milljónir á milli. Gert til að við getum grjóthreinsað Grafarholtið með okkar vélum og mannskap, hefur grafan reynst mjög vel. Einnig var keyptur bíll til notkunar á Korpuvelli, hann var tekinn upp í skuld.

### **Sláttur og umhirða:**

Þjónusta við sveitarfélög, svokallaður samkeppnisrekstur hjá okkur í bókhaldinu. GR sá um slátt á knattspyrnuvöllum Reykjavíkurborgar eins og undafarin ár. Umfang reyndist vera aðeins meira en áður. Einnig tók GR að sér að sjá um og hirða Hvammsvík fyrir Orkuveituna.

Tekjur af slætti púttvalla borgarinnar er eins og áður færðar inn sem styrkur frá ÍTR

Starfsemi GR kemur víða við eins og sést á þessari upptalningu.

### **Aðsókn að völlum GR:**

Leiknir hringir í Grafarholti 30.903 miðað við 28.891 í fyrra, 7% aukning.

Leiknir hringir á Korpu 32.559 miðað við 31.553 hringi í fyrra, 3% aukning.

Leiknir hringir á Garðavelli 15.600 miðað við 17.231 í fyrra, 9,5% samdráttur.

Litli völlurinn: seld flatargjöld 4198 hringir, miðað við 3680 hringi í fyrra (fyrir utan GR-inga), aukning um 13%

Grafarkotsvöllur: seld flatargjöld 850 hringir, miðað 1080 í fyrra (fyrir utan spil GR-inga), samdráttur rúmlega 20%

Samtals eru leiknir á völlum Golfklúbbs Reykjavíkur um 84.000 hringir miðað við um 82.500 hringi í fyrra, eða sem nemur tæplega 2% aukningu á milli ára.

### **Leiknir hringir á vinavöllum GR:**

Hólmsvöllur Leiru: 677 hringir á móti 1102 hringjum í fyrra.

Strandavöllur Hellu: 1748 hringir á móti 1250 hringjum í fyrra.

Þorlákshafnarvöllur: 2050 hringir á móti 2240 hringjum í fyrra.

Hamarsvöllur: 1188 hringir á móti 1235 hringjum í fyrra.

Samtals eru þetta 5.663 hringir á móti 5.827 hringjum í fyrra, 3,5% samdráttur

Ekki hefur enn verið ákveðið hverjir verða vinavellir næsta sumar, en allir samningar renna út á árinu sem er að líða.

Það er engin launung að viðræður hafa farið á milli okkar og Þorlákshafnarmanna um aðkomu GR að þeim velli á svipuðum nótum og Garðavelli. Ekkert hefur komið bitastætt úr þeim viðræðum enn sem komið er. Þessi völlum mjög vannýtur af kylfingum og styðst frá okkar heimabyggð.

Ræsing og eftirlit:

Til að sjá um eftirlit og ræsingu í Grafarholti og Korpu voru ráðnir 3 eftirlitsmenn á hvorn völlum, samtals 6 eftirlitsmenn á vöktum frá klukkan 08:00 á morgnana til 21:00 á kvöldin. Þeirra verk er að fylgjast með mætingu og leikhraða, ásamt því að fylgja eftir reglum klúbbsins með umgengni og klæðaburði. Sýnist mér að vel hafi tekist til og ef eitthvað er þá þarf að auka eftirlit, þvílíkur er atgangurinn á stundum.

### **Kappleikjahald:**

Þar ber hæst sjálft Íslandsmótið. Tókst sú framkvæmd alveg frábærlega og klúbbum og starfsfólki ásamt stjórnarmönnum og sjálfboðaliðum til mikils sóma. Mótstjóri var Margeir Vilhjálmsson og tengiliður stjórnar Björn Víglundsson, þeir báru hitan og þungan af þessu stórverki ásamt starfsfólki GR

Einnig var haldið afmælistót í tengslum við Íslandsmótið. Veisla var haldin og hengt var á menn silfur og gull merki af öllum stærðum og gerðum. Eftirtaldir fengu gullmerki GR fyrir áralangt starf í þágu klúbbsins:

Gestur Jónsson

Stefán Svavarsson

Stefán Gunnarsson

Árni Tómasson

Ríkharður Pálsson

Viktor Strulaugsson

Regína Sveinsdóttir

Ragnar Ólafsson

Sigurður Pétursson

Hannes Eyvindsson

Frammistaða okkar kylfinga á landsmótinu var mjög góð og vantaði herslumuninn upp á að við lönduðum þeim stóra eftir um 25 ára bið, kemur bara næst.

Á síðasta aðalfundi lofaði stjórnin að draga saman móthald, sérstaklega á völlum GR. Niðurstaðan er sú að mótum hefur fækkað um 8, boðsmótum fækkað um 3, innanfélagsmótum um 3 og opnum mótum um 2.

Mótahald var með svipuðu sniði. Við vorum búnir að undirbúa okkur undir þó nokkurn samdrátt, bæði stuðningsaðila sem og í þátttöku á mótum. Annað kom í ljós og var mótaásókn með afbrigðum góð, þótt dregið hafi verið úr framboði. Stefnan var að draga aðeins úr mótahaldi á þeim tímum sem birtu fer þverrandi. Við lentum í vandræðum um

miðjan ágúst, þar átti að vera fríhelgi en vegna frestaðra móta frá vorinu breyttist í hina mestu mótahelgi. Einnig kom upp á einu sinni að fyrirtækjamót var haldið eftir hádegi, var það vegna eindregis vilja stuðningsfyrirtækis sem það var sett þannig á. Það verður ekki gert aftur og höldum við þeirri stefnu að þegar ræst er út á sama tíma, þá er ræst út að morgni og völlurinn opinn eftir hádegi fyrir meðlimi. Meistaramót klúbbsins var haldið með miklum sóma. Metþátttaka var enn eitt árið, 658 kylfingar tóku þátt og er nú komið svo að breyting verður að eiga sér stað svo allir sem vilja geti tekið þátt. Verður sú breyting kynnt síðar.

Klúbbmeistari Golfklúbbs Reykjavíkur karla er Stefán Már Stefánsson en hann hlaut einnig annað sætið í Íslandsmótinu eftir drengilega baráttu.

Klúbbmeistari kvenna er Helena Árnadóttir.

### **Ritnefnd Kylfings:**

Veglegt afmælisrit var gefið út ásamt hefðbundum Kylfing. Í þessu riti eru skráðar allar upplýsingar um starf GR. Ritstjóri er Magnús Oddsson og hafa nokkrir góðir pennar eins og Valur Jónatansson og Hilmar Karlsson ásamt fleirum unnið þar frábært starf.

### **Markaðsnefnd:**

Eins og áður þá er aðalverkefni nefndarinnar að afla annarra tekna en árgjalda. Öll auglýsingasala, samningagerð við okkar stuðningsaðila, sala á auglýsingum á flettiskiltið okkar og yfirumsjón með allri fjáröflun annarri en árgjöldum. Þessar tekjur eru á milli 50-55 miljónir á ári. Staðan leit ekki vel út eftir hrunið í lok síðasta árs en með þrautseigju og kunnáttu tókst að sækja tekjur jafnt sem áður. Listi stuðningsaðila hefur tekið miklum breytingum frá fyrra ári.

Umsjónarmenn þessara nefnda eru þeir Björn Viglundsson og Gunnar Már Sigurfinnsson ásamt markaðstjóra GR Ómari Friðrikssyni.

### **Unglinga- og afreksstarf:**

Barna og unglingastarf klúbbsins hefur vaxið og dafnað síðastliðin 3 ár. Markvisst er unnið samkvæmt fyrirfram ákveðinni stefnu sem mörkuð var á sínum tíma. Það starf er farið að færa okkur unga og upprennandi kylfinga af báðum kynjum sem nú eru farnir að blanda sér í hóp þeirra bestu á landinu og ekki mun líða langur tími þangað til þessir krakkar landa þeim stóru fyrir klúbbinn.

Meistaraflokkar okkar hafa staðið sig með sóma og þar er einnig unnið að sama markmiði og áður, að vera bestir.

Sá fjöldi sem æfir skipulega undir stjórn kennara er um 250 manns. Þeir sem bera hitan og þungan af öllu þessu miklvæga starfi eru þeir Brynjar Geirsson, Víðir Ársælsson,

Ragnar Baldursson, Sigurður Pétursson, Bogi Nils Bogason, Björn Bragason og Björn H. Björnsson. Einnig hafa kennarar frá Pro-Golf þeir Ólafur Már, Jóhann og Árni Páll séð um alla þjálfun á okkar íþróttamönnum og staðið sig frábærlega.

Umsjón með unglinga- og afreksstarfi eru þeir Bernhard Bogason ásamt Viggó Viggósyni, hafi þeir þökk fyrir óeigingjarnt starf.

GR eignaðist fjölda titla í hinum ýmsu flokkum, ber þar hæst Íslandsmeistaratitlar eftirfarandi kyllfinga:

Guðrún Pétursdóttir í höGGLEIK og holukeppni, einnig stigameistari 13-14 ára stúlkna.

Haraldur Franklín Magnús í höGGLEIK drengja 17-18 ára.

Guðmundur Ágúst Kristjánsson í holukeppni og einnig stigameistari drengja 17-18 ára.

Magnús B. Sigurðsson í holukeppni og einnig stigameistari pílta 15-16 ára.

Ólafía Þ. Kristinsdóttir stigameistari stúlkna 17-18 ára. Hún var einnig valin í landslið kvenna aðeins 17 ára gömul.

Sveit drengja 17-18 ára Íslandsmeistari í sveitakeppni.

Sveit stúlkna 18 ára og yngri Íslandmeistari í sveitakeppni.

Sveit heldri kyllfinga Íslandsmeistari sveitakeppni karla.

Guðmundur Ágúst og Ólafía Þórunn voru bæði valin efnilegustu kyllfingar ársins af GSÍ.

Síðast enn ekki síst fékk GR bikar sem veittur er fyrir flest stig á mótarið GSÍ á árinu.

Þessi upptalning er aðeins hluti af öllum þeim verðlaunum sem afreksfólk okkar vann á árinu.

Þetta sýnir okkur enn og aftur að uppeldisstarf GR er að skila frábærum árangri. Stoltastur er ég þó af framkomu þessa unga fólks, einstaklingar sem eru nú undir handleiðslu okkar kennara eru framtíðar kyllfingar í GR, sverð okkar og skjöldur í komandi framtíð.

### **Heimasíðu og upplýsingarnefnd:**

Aðalmarkmið hefur verið að ná sem flestum GR-ingum inn á netfangalista sem nú telur um 1228 netföng. Eru þetta bestu og ódýrustu samskiptamöguleikar sem klúbburinn getur átt við félagana sína. Hvet ég okkar meðlimi að láta skrá sig inn á þennan lista svo einfalda megji öll samskipti og miðla upplýsingum á sem skemmstum tíma. Heimsóknir inn á heimasíðuna eru um 104.000.



Umsjón með nefndinni hefur Guðni Hafsteinsson með góðri aðstoð starfsfólks GR.

### **Öldungastarf:**

Starfið var með svipuðu sniði og áður. Því er ekki að leyna að fjöldi þeirra sem sækir þiðjudagsmótin er orðinn það mikill að vandamál er að koma öllum fyrir og þarf að hugsa fyrirkomulagið upp á nýtt.

umsjónarmaður öldungastarfsins er Halldór Kristjánsson.

Sveit GR varð Íslandsmeistari eldri kylfinga í karlaflokki og óskum við þeim til hamingju með það.

### **Kvennastarf:**

Starfið er mjög öflugt og fer vaxandi. Kvennaferðir, óvissuferðir og margt fleira er meðal þess sem Anna Björk Birgisdóttir og hennar nefndarfélagar sjá um af miklum krafti.

### **Nýframkvæmdir á Korpu:**

Á haustdögum gaf stjórn GR út leyfi til að hefja nýframkvæmdir við níu holu viðbót á Korpu. Var það gert vegna mjög hagstæðs samnings við verktakann. Vonum við að samningar um endurgreiðsluáætlun náist við Reykjavíkurborg áður en langt um líður en þeir hafa dregist vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Samkvæmt samningi við borgina þá áttu nýframkvæmdir að hefjast eigi síðar en vorið 2009. Ef allt gengur eftir ætti að vera hægt að hefja spil um mitt sumar 2011. Verkinu miðar hægt en markvisst áfram. Búið er að ryðja út þremur brautum, stefnt er að því að sá í brautir núna í vor/sumar en eins og menn vita þá eigum við flatargrasið tilbúið austur í sveit og verður lagt á um leið og hver flöt er undir það búin.

### **Samkeppnisrekstur:**

Það er allur sláttur sem við framkvæmum fyrir Reykjavíkurborg. Það náðistleiðrétting á verðskrá en litlu munaði að við létum undan, því verð var komið niður úr öllu valdi og eftir litlu að sækjast. Þó gefur þessi rekstur okkur mikilvægar tekjur sem nýtist til að endurnýja vélakost klúbbsins.

### **Samstarf við Leyni vegna Garðavallar:**

Samstarfið hefur gengið ljómandi vel og báðum aðilum til framdráttar. Þó skyggir á að minni notkun var á Garðavelli í ár heldur en síðasta ár.

Kreppan gerir það að verkum að gjöld í gönginn slá á notkun á þessum góða golfvelli.

### **Rástímamál og agabrot sem upp komu á árinu:**

Ásókn á velli félagsins var með eindæmum góð á liðnu sumri. Oft var erfitt að finna lausan rástíma. Frábært veður, frábært ástand vallanna, ástandið í þjóðfélaginu og fólk að ferðast mun minna til útlanda heldur en áður. Þetta gerði það að verkum að fólk sinnti golfinu sínu betur hér heima í sumar. Margoft komu upp vandamál vegna þess að fólk mætti ekki á teig þegar það átti bókaðann rástíma og hafði ekki fyrir því að afbóka sig. Aðalverkefni starfsmanna GR á hverjum morgni fór í að afbóka og setja inn að stórum hluta utanfélagsmenn. Því þeirra netbókunarferli er samdægurs en voru bókaðir sem GR-ingar í byrjun. Mennt lánuðu kennitölur til verknaðarins og síðan voru nafnabreytingar alla morgna í miklu mæli. Allt þetta ferli lagðist á að binda rástíma ofan á þann mikla fjölda sem í félaginu er. Í mörgum tilvikum vill ég kalla frekju og yfirgang, því lík voru lætin þegar opnað var fyrir skráningu. Kyllingar bókuðu sig 3 daga í röð á báða velli klúbbsins og mættu svo kannski í einn tíma. Fengu lánaðar kennitölur og bókuðu fyrir vini í öðrum klúbbum sem svo mættu ekki og könnuðust ekki við neitt þegar þeir fengu bréf vegna rukkunar á vallargjöldum. Það eru því miður til mýmörg dæmi um misnotkun og öll umgegni vegna forskráningar í rástíma á netinu verður að skána til muna. Því um leið og búið er að skrá í lausan rástíma þá er hann ekki til boða lengur fyrir aðra.

Stjórn GR hefur fylgst með þessu máli í allt sumar og fjallað um það á fundum. Stofnuð var nefnd um málið, haldin opinn fundur þar sem nokkrar tillögur eða tillögubrot komu fram. Núna fyrst er að koma heildstæð mynd á rástímabókanir fyrir næsta ár, verður það fyrirkomulag kynnt sem allra fyrst fyrir félagsmönnum.

### **Agabrot vegna skráningar á golf.is**

Spennan varð svo mikil á stundum að sumir kyllingar fóru fram hjá eða nýttu sér veikleika kerfis sem notað er við skráningar á golf.is

Upp kom mál þar sem hópur kyllinga misnotaði skráningarkerfið á golf.is og eftirfarandi sátt var gerð í viðkomandi máli, langar mig að lesa bréf sem stjórn sendi viðkomandi aðilum þann 13. september 2009.

*Efni, misnotkun á rástímabókunum.*

*Eins og kom fram í bréfi til þín þann 5. september, bárust Golfklúbbi Reykjavíkur gögn sem sýndu ótvírætt að rástímabókunarkerfi á golf.is var misnotað. Fram kom í fyrrgreindu bréfi að áform væri að senda mál þetta til aganefndar golfklúbbsins til meðferðar.*

*Með bréfi þínu dagsettu 11. september viðurkennir þú að misnotkun af þinni hálfu hafi átt sér stað, biðst þú velvirðingar á því, kveðst þú hafa lært þá lexíu og óskar eftir því að tillit verði tekið til þess þegar refsing verður ákveðin.*

*Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur hefur ákveðið að taka tillit til afsökunarbeiðni þinnar, einnig hefur stjórn ákveðið að falla frá því að senda málið til aganefndar. Telur stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur lágmarks refsingu vegna misnotkunar vera bann við notkun á rástímaskráningu á golf.is fram til 1. júní 2010. Við afgreiðslu málsins var vitnað í lög Golfklúbbs Reykjavíkur 8. grein.*

Svona hljóðar endanleg niðurstaða úr þessu leiðindamáli og er málinu lokið frá hendi stjórnar GR. Við getum ekki og viljum ekki standa í málaferlum eða reka kylfinga úr golfklúbbum. Við lærðum heilmargt á þessu, fórum að kafa betur ofan í öll misnotkunar dæmi. Hvort sem þessi aðferð var notuð eða einhver önnur, við viljum leggja okkur fram við að stoppa í götin og koma í veg fyrir að svona lagað komi fyrir aftur.

Þegar nýtt rástímaferli verður kynnt þá verða nýjar reglur kynntar til sögunnar, þannig að ef kylfingar vilja fara fram hjá leikreglum við skráningu í rástíma, þá viti þeir fyrirfram um viðurlög.

### **Fjármál:**

Eins og áður hefur komið fram þá fékk GR lokagreiðslu frá Reykjavíkurborg vegna framkvæmda við Bása og fleiri liða núna í febrúar síðastliðnum. Var ákveðið að nota þá peninga til að greiða niður langtímaskuldir klúbbsins sem að sjálfsögðu höfðu myndast vegna mikilla framkvæmda á undanförunum árum. Staðan er að við skuldum kaupleigusamninga vegna vélakaupa sem gerður var árið 2007, eru þar tvö ár eftir af þeim samningum. Einnig skuldum við yfirdrátt sem er mjög tímabundinn, uppgreiðsla á langtímalánum sparar klúbbum um 25 milljónir í vaxtagreiðslur og munar um minna. Langstærsti hluti af vaxtagreiðslum ársins eru tilfallnar verðbætur vegna lánanna sem við greiddum upp, reksturinn hefur gengið vel með aðhaldssemi og markvissum sparnaði. Við höfum aðeins farið fram úr okkur vegna fjárfestinga á völlum félagsins, það er ekki því að leyndu að við höldum áfram að kikja út í öll horn eins og það heitir í dag. Því ef við ætlum að kaupa vélar, byggja vélageymslu og eða inniæfingaraðstöðu tengda Básunum þá þurfum við að sýna aðhald og eiga fyrir því sem framkvæmt er. Að slá lán er í dag óhugsandi vegna vaxtakostnaðar en ég ætla að láta gjaldkera klúbbsins, Helgu Harðardóttur, fara betur út í allar tölur hér rétt á eftir. Ég er ánægður með niðurstöðuna hún sýnir að við erum á réttri leið, vill ég þakka starfsmönnum GR fyrir góðan rekstur.

### **Framtíðarhorfur:**

Nú er þessari yfirreið um starfsemi GR að ljúka og eins og menn heyra og sjá þá eru verksviðin mörg og fjölbreytileg. Ég er núna að ljúka mínu öðru starfsári sem formaður og hefur það verið að mörgu leiti ánægjulegt en þó á stundum lýjandi. Ég gaf þá yfirlýsingu þegar ég tók við að ég ætti mér þrjú stefnumál fyrir hönd okkar GR-inga, klára níu holurnar á Korpu, byggja nýja vélageymslu í Grafarholti og fyrir okkur

kylfingana góða og þægilega inniaefingaraðstöðu hér tengda Básun. Staðan er sú að byrjað er á Korpu og ef allt gengur þar upp þá má hefja leik þar um mitt sumar 2011. Verið að klára að teikna og forvinna vélageymsluna, æfingaraðstaðan er í vinnslu en er tengd því að gamla vélageymslan víki. Vegna ástandsins í Þjóðfélaginu þá tekur þetta allt lengri tíma en áður var ákveðið.

Stefna næsta árs verður að ljúka snyrtingu á völlum GR ásamt nokkrum minni verkefnum, eins og laga teiga og nánasta umhverfi. Stefnum á að nýframkvæmdir við Korpu gangi snuðrulaust og aðrar stórfamkvæmdir verða settar á bið. Ástandið leyfir enga skuldasöfnun, höldum í okkur andanum og róum okkur niður framkvæmdalega séð.

Það er engin launung á að stjórn GR hefur lagt sig fram um að finna lausn á rástímaskráningum, samhugur í stjórninni er um að auka aðgengi kylfinga úr GR á okkar velli og auka framboð á rástímum fyrir okkar fólk. Umræða hefur átt sér stað um að fækka í félaginu og ekki taka inn nýja féлага fyrir þá sem hætta. Þótti stjórn GR það ekki fýsilegur kostur á þessum tímapunkti því ástandið í Þjóðfélaginu er þannig og enginn veit hvert við stefnum. Öllum verður þó að vera það ljóst að stjórn GR er að horfa á alla þessa hluti með mjög opnum huga, við viljum fyrst setja á nýtt rástímakerfi og jafnvel reglur um hópaskráningar ásamt því að fækka mótum eða breyta mótadögum. Allt er þetta gert til að auka aðgengi féлага í GR að völlum klúbbsins. Á komandi starfsári verðu farið vel í saumana á fjölda féлага og vel íhugað að fækka meðlimum ef tilraunir sem gerðar verða virka ekki eins og skildi. Einnig hefur verið skoðað að breyta árgjöldum, kannski ekki til hækkunnar heldur til jöfnunnar. Ekkert hefur verið ákveðið eða rætt alveg til þaula, stjórnin ætlar sér góðan tíma til þessara verka og ræða allar stórtækar breytingar á opnum félagsfundi eins og var hér um daginn. Fundurinn tókst mjög vel og margar góðar tillögur sáu þar dagsins ljós. Það má enginn efast um vilja stjórnar til bæta aðgengi meðlima GR að völlum félagsins.

Vill ég fá að þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa GR lið á liðnu starfsári, starfsmönnum, stjórnarmönnum, veitingamönnum og öllum þeim kylfingum sem heimsóttu okkur í sumar á afmælisárinu sem nú er að líða.

Vill ég einnig þakka Garðari Eyland framkvæmdarstjóra sérstaklega fyrir hans mikla starf, við sjáum verk hans hér um allar grundir.

Rakel Kristjánsdóttir er að hætta sem stjórnarkona í GR eftir áralanga setu, vill ég fá að þakka henni fyrir óeigingjörn störf í þágu klúbbsins undanfarin ár.

Þakka fyrir frábært hljóð, takk fyrir mig.